

Ársfundur Kennarasambands Íslands 2012

Haldinn að Hótel Sögu í Reykjavík

Miðvikudaginn 18. apríl 2012 kl. 10:00.

Dagskrá:

1. Setning - kosning embættismanna (Þórður Á. Hjaltsted formaður KÍ).
2. Skýrsla stjórnar og nefnda (Þórður Á. Hjaltsted formaður KÍ).
3. Ársreikningur félagsjóðs KÍ 2011 - fjárhagsstaða sambandsins (Hannes Þorsteinsson skrifstofustjóri KÍ).
4. Jafnréttisáætlun KÍ (Hanna Björg Vilhjálmsdóttir formaður jafnréttisnefndar KÍ).
5. Lífeyrismál (Eiríkur Jónsson fyrrverandi formaður KÍ).
6. Skólamál
 - a. Inngangur. Björg Bjarnadóttir formaður skólamálaráðs.
 - b. „Aukin menntun, betri kjör?“ Oddur S. Jakobsson hagfræðingur KÍ.
 - c. Samstarfsnefnd um símenntun/starfsþróun. Elna K. Jónsdóttir fulltrúi KÍ í stýrihóp verkefnisins.
 - d. „Framtíðin, kennarastarfið og kennaramenntun“. Jón Torfi Jónasson forseti Menntavísindasviðs HÍ.
7. Fyrirspurnir og umræður.
8. Ályktanir ársfundar - fundarslit.

1. Setning

Þórður Á. Hjaltsted formaður KÍ setti fundinn með ávarpi. Hann bauð fundarmenn velkomna. Sérstaklega bauð hann velkomna fulltrúa FSL sem sóttu nú í fyrsta sinn ársfund KÍ. Í ávarpi sínu sagði formaður að enn væri ríkjandi óvissa í efnahagsmálum landsins og mörg sveitarfélög stæðu höllum fæti fjárhagslega. Víða væri þrengt að rekstrarlegri stöðu skóla. Skólar hefðu víða verið sameinaðir af lítilli forsjá og án samráðs við kennara.

Formaður beindi þakklæti til fulltrúa í stjórn og öðrum trúnaðarstörfum svo og stafrsmanna Kennarasambandsins fyrir góð störf á liðnu starfsári.

Að loknu setningarávarpi lagði formaður til að Haraldur K. Gíslasyni og Svanhildi M. Ólafsdóttur yrði falið að annast fundarstjórn og Guðbjörgu Ragnarsdóttur og Helga E. Helgasyni að annast fundarritun. Varð það samþykkt.

2. Skýrsla stjórnar KÍ og nefnda

Formaður kynnti skýrslu stjórnar til ársfundar 2012 þar sem jafnframt er gerð grein fyrir starfsemi nefnda. (Sjá prentaða skýrslu). Einnig lágu drög að starfsáætlun stjórnar 2011 - 2014 frammi á fundinum.

Í niðurlagi skýrslu stjórnar segir að eins og þjóðin öll hafi Kennarasambandið háð mikla varnarbaráttu allt frá hruninu haustið 2008. Baráttan hafi snúist um að verja grunnstoðir

samfélagsins og hafi KÍ einbeitt sér að verja menntakerfið og kjör félagsmanna. Útilokað sé að ná fram meiri sparnaði í menntakerfinu án þess að skerða þjónustu. Það eina sem hægt sé að gera við þessar aðstæður sé að snúa bökum saman og opna augu stjórnámálanna fyrir þeirri staðreynd að niðurskurður í menntakerfinu er hættulegur og líklegur til að bitna hart á framtíð þjóðarinnar.

3. Reikningar og fjárhagsstaða KÍ

Hannes Þorsteinsson skrifstofustjóri KÍ kynnti helstu niðurstöður reikninga KÍ (ársreikningsfélagssjóða 2011) og fjárhagsstöðu sambandsins. Rösklega 40 milljóna króna halli var á rekstrinum á árinu 2011. Hannes sagði að gengið hefði verið út frá því fyrirfram að nokkurt tap yrði á árinu m. a. vegna lækkunar félagsgjalda, en þrátt fyrir það sé fjárhagsstaða KÍ mjög traust.

4. Jafnréttisáætlun KÍ

Hanna Björg Vilhjálmsdóttir formaður jafnréttisnefndar KÍ gerði grein fyrir störfum jafnréttisnefndar og drögum að jafnréttisáætlun KÍ og svaraði fyrirspurnum. Drögin eru unnin í samræmi við jafnréttisstefnu KÍ og 18. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008. Gert er ráð fyrir að jafnréttisáætlunin sé endurskoðuð árlega.

5. „Lífeyrismál - staða og horfur“. Eiríkur Jónson, fyrrverandi formaður KÍ

Í erindi sínu rakti Eiríkur stöðu og horfur í lífeyrismálum og vék fyrst að fjárhagsstöðu LSR og tryggingafræðilegri stöðu A og B deildar. Velti fyrir sér og skýrði hugmyndir um eitt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn, svo og framtíðarstöðu A og B deilda LSR og annarra sambærilegra sjóða sveitarfélaga.

Fulltrúar samtaka opinberra starfsmanna hafa sett fram skilyrði um að B deild verði algerlega látin í friði. A deild verði sömuleiðis látin í friði en fólki gefinn kostur á að velja milli hennar og nýs kerfis. Eiríkur rakti ýmis álitæfni og spurði hvort hafna ætti öllum breytingum eða freista þess að hafa áhrif á framvindu mála. Í niðurlagi máls síns sagði Eiríkur að Alþingi gæti ákveðið að breyta lífeyriskerfinu með lögum og því gæti verið betra að hafa áhrif á gang mála fremur en að standa gegn öllum breytingum. Það væri hlutverk KÍ og félagsmanna þess að standa vörð um að heildarkjör, þ.e. laun og önnur starfskjör, þannig að þau yrðu ekki skert um leið og breytingar yrðu á lífeyriskerfinu. „Með samstöðu getum við haft áhrif eins og 1996. Við kyngjum ekki hverju sem er“ sagði Eiríkur.

6. Skólamál

6.a Inngangserindi. Björg Bjarnadóttir, formaður skólamálaráðs KÍ

Eftir hádegi var fundurinn helgaður umfjöllun um skólamál. Björg Bjarnadóttir varaformaður KÍ og formaður skólamálaráðs fylgdi umræðunni úr hlaði og sagði frá störfum skólamálaráðs. Fram kom í máli hennar að eitt af áherslumálum framkvæmdastjórnar skólamálaráðs væri að auka samvinnu milli ráðsins og annarra stofnana, jafnt innan sem utan KÍ. Nýtt ákvæði í lögum KÍ um að bæði formaður og varaformaður sitji í skólamálaráði styðji þá áherslu.

Björg vék að skipulagi starfseminnar í Kennarasambandinu og taldi jákvætt hvaða form ársfundur hefur tekið á sig.

Í ávarpi BB kom fram að á vettvangi skólamála hafi skólamálaráð og KÍ einkum beint sjónum sínum í vetur að kennaramenntun, þ.m.t. símenntun/starfsþróun kennara. Frá því í fyrrasumar hafi verið starfandi samstarfsnefnd á vegum KÍ og samstarfsaðila sem hafi það hlutverk að móta sameiginlega stefnumörkun um símenntun/starfsþróun kennara. Þess sé vænst að afrakstur þessarar vinnu eigi eftir að skila sér í betra skipulagi, aðgengi og auknu fjármagni til að standa straum af símenntun félagsmanna. BB sagði einnig að Íslendingar mættu vera stoltir af nýjum lögum um kennaramenntun, en hins vegar væri mörgum áhyggjuefni að aðsókn að kennaranámi færi dvínandi.

6.b „Aukin menntun – betri kjör“. Erindi Odds S. Jakobssonar hagfræðings KÍ

Oddur S. Jakobsson, hagfræðingur KÍ, flutti erindi sem hann nefndi „Aukin menntun - betri kjör“ og sýndi glærur þar sem hann velti fyrir sér tengslum aukinnar menntunar og kjarastefnu KÍ. Í umfjöllun sinni skoðaði hann rök sem færð hafa verið fyrir því að aukinni menntun ættu að fylgja betri kjör. Tengdi það annars vegar við grunnlaun fyrir viðkomandi starf og hins vegar við viðbótarlaun vegna einstaklingsbundinna þátta. Að lokum dró hann fram tengingu milli laganna um lengra kennaranám og mats á störfum kennara.

6.c Samstarfsnefnd um símenntun / starfsþróun. Elna K. Jónsdóttir fulltrúi KÍ stýrihópi verkefnisins

Lögð fram skýrsla um starf samstarfsnefndar um símenntun / starfsþjálfun kennara. Um er að ræða áfangaskýrslu um störf nefndar, stýrihóps og ritstjórnar upplýsingaveitu frá júní 2011 til og með 21. mars tekin saman af Eddu Kjartansdóttur starfsmanni nefndarinnar í tilefni af ársfunda KÍ og aðildarfélagi 2012.

Elna fjallaði ítarlega um starf samstarfsnefndarinnar sem var stofnuð sumarið 2011. Hlutverk hennar er að vinna að sameiginlegri stefnumótun um símenntun / starfsþróun kennara. Fram kom samstarfsnefndin hyggst leggja til við menntamálaráðherra að stofnað verði fagráð um símenntun /starfsþróun kennara.

Ennfremur kom fram að kennarastéttin hefði haft of lítil skipuleg áhrif á stefnumótun, framboð og framkvæmd eigin símenntunar og átök um skólann og hlutverk hans gerðu stefnumótun og áætlanagerð um kennaramenntun, símenntun og kennarastarfið erfiðari.

Elna benti jafnframt á að á Evrópuvísu væri slök staða staða símenntunar áhyggjuefni. Í niðurlagi erindis síns sagði Elna að svarar þurfi menntunar- og starfsþróunarþörf kennarastéttarinnar. Menntamálayfirvöld og rekstraraðilar skóla verði að viðurkenna mikilvægt starfsþróunar kennara í verki - en kennarar axli líka eigin ábyrgð á stefnumótun og framkvæmd hennar.

6.d „Framtíðin, kennarastarfið og kennaramenntun“. erindi Jóns Torfa Jónassonar prófessors

Jón Torfi Jónasson prófessor og forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands flutti erindi og var yfirskrift þess „Framtíðin, kennarastarfið og kennaramenntun“. Jón Torfi varpaði fram fjölmörgum spurningum sem líklegar eru til að vekja menn til umhugsunar um kennarastarfið í framtíðinni og kennaramenntun.

7. Fyrirspurnir - umræður

Framsögumenn svöruðu fyrirspurnum úr sal.

8. Ályktanir ársfundar KÍ 2012 – fundarslit

Eftirfarandi ályktanir voru samþykktar á fundinum:

Ályktun um símenntun/starfsþróun : Vettvangur til framtíðar

„Ársfundur Kennarasambands Íslands haldinn á Hótel Sögu 18. apríl 2012 fagnar tilurð og vinnu samstarfsnefndar mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands og KÍ um símenntun og starfsþróun kennara. Samstarf hagsmunaaðila á þessu sviði er mjög gagnlegt. Mikilvægt er að líta á skólastarf, menntun og starfsþróun kennara og hlutverk stjórnvalda sem heild þar sem allir aðilar stilla saman strengi í stað þess að búta verkefni niður þannig að tilviljanakennt kerfi verði til. Ársfundurinn bindur miklar vonir við að áframhald verði á samstarfi framangreindra hagsmunaaðila, að menntamálaráðherra taki undir áhuga þeirra á stofnun fagráðs um símenntun/starfsþróun kennara og að í framhaldinu verði til heildstæð stefna sem komist til framkvæmda í tímasettum áföngum. Efling þessa málaflökks er lykilforsenda skólaþróunar á Íslandi“.

Ályktun um nýja kennaramenntun: Kennaranám er málið

„Ársfundur Kennarasambands Íslands haldinn á Hótel Sögu 18. apríl 2012 vekur athygli á nýju fimm ára kennaranámi. Í nýja náminu, sem lýkur með meistaraþrófi, fá kennarar betri menntun og möguleikar á ýmis konar sérhæfingu eru í boði. Námsleiðir eru fjölbreyttar sem leiðir til fleiri atvinnutækifæra, meðal annars kennslu á mörkum skólastiga. Kennarastarfið er sérfræðingsstarf og kennarar hafa faglega forystu í skólamállum. Starfið er gefandi og krefst náinnar samvinnu við samstarfsfólk, nemendur og foreldra. Kennarar beita fjölbreyttum og skapandi kennsluáðferðum og njóta bæði sjálfstæðis og sveigjanleika í krefjandi starfi sem er ómetanlegt á tímum örra samfélagsbreytinga. Ársfundurinn skorar á alla sem eru að leita sér að framtíðarstarfi að skoða tækifærin sem felast í nýrri fimm ára kennaramenntun. Kennarastarfið er eitt mikilvægasta starf hvers samfélags“.

Ályktun um launaþróun

„Ársfundur Kennarasambands Íslands haldinn á Hótel Sögu 18. apríl 2012 lýsir alvarlegum áhyggjum af launaþróun kennara í skólum landsins þar sem meðaldagvinnulaun eru nú hið minnsta 13% lægri hjá kennurum en meðaldagvinnulaun sambærilegra hópa háskólamanna. Kennarastéttin hefur búið við langvarandi vanmat á menntun til launa hvort sem er á uppgangseða krepputímum. Kennarinn er háskólamenntaður sérfræðingur og á að hafa laun við hæfi. Það er löngu tímabært að menntun sé metin að verðleikum af viðsejndum KÍ, ríki og sveitarfélögum“.

Ályktun um lífeyrismál

„Ársfundur Kennarasambands Íslands haldinn á Hótel Sögu ítrekar samþykkt 5. þings sambandsins um lífeyrismál. Tryggja þarf óskertan rétt sjóðsfélaga í LSR í A- og B- deild og þeirra sem eru í sambærilegum deildum í lífeyrissjóðum sveitarfélaga. Ársfundurinn hafnar öllum tillögum um að kjör núverandi sjóðsfélaga verði skert“.

Fundi slitið kl. kl. 15:50.

Að loknum fundi bauð stjórn Kennarasambandsins fundarmönnum upp á léttar veitingar.